

Skattar 2011

*Upplýsingar um skattamál
einstaklinga og fyrirtækja*

PricewaterhouseCoopers ehf.

Efnisyfirlit

1. Einstaklingar	4
Einstaklingar með heimilisfesti á Íslandi.....	4
Skattar og gjöld.....	4
Afslættir, bætur og frádrættir	7
Skattskyld hlunnindi.....	9
Álagning og greiðsla skatta	10
Umsókn um lækkun tekjuskattsstofns.....	10
Ýmislegt	10
Einstaklingar – með takmarkaða skattskyldu	11
Takmörkuð skattskylda.....	11
Skatthlutfall – skattskil.....	11
Staðgreiðsluskil	11
Undanþága frá skattskyldu á grundvelli tvísköttunarsamnings.....	12
Álagning og greiðsla skatta	12
2. Fyrirtæki	13
Tekjuskattur.....	13
Skatthlutfall	13
Skattskyldar tekjur	13
Söluhagnaður hlutabréfa	13
Arðgreiðslur.....	13
Hluti arðgreiðslu sem telst til launatekna.....	13
Afskriftarhlutföll og niðurfærsla eigna	14
Samsköttun félaga	14
Milliverðlagning (Transfer Pricing)	14
CFC Reglur (Controlled Foreign Company)	14
Eftirstöðvar rekstrartaps.....	15
Álagning og greiðsla tekjuskatts.....	15
Aðrir skattar og gjöld.....	15
Mótframlag í lífeyrissjóð	15
Tryggingagjald.....	15
Búnaðargjald	16
Kolefnisgjald.....	16
Kolvetnisskattur	16
Takmörkuð skattskylda lögaðila	16
Skatthlutfall – afdráttarskattar	16

Staðgreiðsluskil	17
Tvísköttunarsamningar	17
Undanþága frá skattskyldu á grundvelli tvísköttunarsamnings.....	17
Virðisaukaskattur	17
Skatthlutfallið	18
Virðisaukaskattskyldir aðilar	18
Undanþegin vinna og þjónusta.....	18
Umboðsmaður fyrir erlenda aðila	18
Skattverð	18
Skattskyld og undanþegin velta.....	18
Uppgjörstímabil og gjalddagar	19
Endurgreiðsla virðisaukaskatts	20
3. Ýmislegt.....	21
Stofnun félaga	21
Hlutafélag	21
Einkahlutafélag	21
Sameignarfélag.....	21
Samlagsfélag	21
Erlend mynt	21
Uppgjör í erlendri mynt	21
Gengishagnaður og gengistap hjá þeim sem stunda atvinnurekstur	21
Reglur um gjaldeyrismál.....	22
Tímabundin endurgreiðsla vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.....	23
4. Útlendingar	24
Vegabréfsáritun	24
Búseta og atvinna útlendinga á Íslandi.....	24
Starfsmannaleigur	24
Ýmsar upplýsingar.....	26
Niðurfærsla á verði bifreiða	26
Opinbert viðmiðunargengi.....	26
Gjaldfærsla	26
Stimpilgjald.....	26
Þinggjöld 2011.....	26
Yfirlit um útsvar.....	27
Skattyfirvöld.....	28
Helstu kennitölur ársreiknings.....	29
Helstu kennitölur á verðbréfamarkaði	29

1. Einstaklingar

Einstaklingar með heimilisfesti á Íslandi Skattar og gjöld

Tekjuskattur og útsvar

Skattur af tekjum einstaklinga skiptist annars vegar í tekjuskatt til ríkisins og hins vegar í útsvar til sveitarfélaga. Tekjuskattur og útsvar eru innheimt í staðgreiðslu, þ.e. mánaðarlega á því ári sem teknanna er aflað. Tekjuskattur á einstaklinga er þrepaskiptur og miðað við mánaðarlega tekjur þá greiðist tekjuskattur í eftirfarandi þrepum:

	Tekjuskattur	Útsvar	Samtals
Af fyrstu 209.400 kr. (2.512.800 kr. á ári)	22,9%	14,41%	37,31%
Af næstu 471.150 kr. (5.653.800 kr. á ári)	25,8%	14,41%	40,21%
Af fjárhæð umfram 680.550 kr. (8.166.600 kr. á ári)	31,8%	14,41%	46,21%

Starfi einstaklingur hjá fleiri en einum launagreiðenda á sama launátímabili þá ber launþega að upplýsa launagreiðendur um rétt innheimtuhlutfall í staðgreiðslu þannig að afdráttur verði sem réttastur.

Þegar skattaðilar eru samskattaðir skal við álagningu opinberra gjalda taka tillit til þess hvort tekjuskattsstofn annars aðila er undir 8.166.600 kr. og hins yfir sömu upphæð. Þá færast helmingurinn af ónýttu skattþrepi II hjá tekjulægri aðila yfir til þess tekjuhærri, þó aldrei hærri fjárhæð en 2.826.900 kr. Ekki er tekið tillit til þessara tilfærslna á staðgreiðsluári heldur reiknast hún í álagningu.

Dæmi um skattlagningu hjóna/sambúðarfólks miðað við árstekjur.

Skattaðili 1	Skattaðili 2
Tekjuskattsstofn 10.000.000 kr.	Tekjuskattsstofn 6.300.000 kr.
Af fyrstu 2.512.800 kr. reiknast 22,9% tekjuskattur	Af fyrstu 2.512.800 kr. reiknast 22,9% tekjuskattur
Af næstu 5.653.800 kr. reiknast 25,8% tekjuskattur	Af 3.787.200 kr. reiknast 25,8% tekjuskattur
Af næstu 933.300 kr. reiknast 27% tekjuskattur	Skattaðili 2 á 1.866.600 kr. "ónýttar" í þrepi II
Af því sem eftir stendur, 900.100 kr. reiknast 33% tekjuskattur	Helmingur af "ónýttu" þrepi II yfirfærast til skattaðila 1

Börn fædd 1996 og síðar greiða 6% af tekjum umfram 100.745% í skatt og eiga þau ekki rétt á persónuafslætti.

Auðlegðarskattur

Á framtalsskyldar eignir í lok árána 2009, 2010 og 2011 skal við álagningu 2010, 2011, 2012 og 2013 leggja á sérstakan auðlegðarskatt. Frá eignum skal draga frá skuldir skattaðila og miðast

auðlegðarskattur því aðeins við hreina eign einstaklinga.

Auðlegðarskattur er lagður á:

Hreina eign einstaklinga umfram	75.000.000 kr.
Hreina eign hjóna/sambúðarfólks umfram	100.000.000 kr.
Skattprósenta auðlegðarskatts er	1,5%

Við ákvörðun auðlegðarskattstofns skal telja hlutabréf í félögum sem skráð eru í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði fram á markaðsvirði í árslok. Sá sem á hlut í félagi sem ekki er skráð í kauphöll eða á skipulögðum tilboðsmarkaði skal telja fram til auðlegðarskattstofns hlutdeild sína í skattalegu bókfærðu eigin fé félagsins eins og það er talið fram í skattframtali félagsins.

Eignir barns sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu skal teljast með eignum foreldra eða hjá þeim manni sem nýtur barnabóta vegna barnsins.

Hægt er að sækja um lækkun auðlegðarskattstofns hafi gjaldþol gjaldanda skerst verulega.

Útvarpsgjald

Allir einstaklingar á aldrinum 16-69 ára sem eru með tekjur yfir skattleysismörkum á árinu 2010 eiga að greiða Útvarpsgjald.

Gjaldið verður við álagningu árið 2011	17.900 kr.
--	------------

Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra

Allir einstaklingar á aldrinum 16-69 ára sem eru með tekjur yfir skattleysismörkum á árinu 2009 eiga að greiða gjald í framkvæmdasjóð aldraðra.

Gjaldið verður við álagningu árið 2011	8.700 kr.
--	-----------

Fjármagnstekjuskattur

Tekjuskattur er lagður á fjármagnstekjur einstaklinga utan atvinnurekstrar.

Skatthlutfallið er	20%.
--------------------	------

Vextir af hvers konar bréfum, kröfum og innistæðum, sem gefin voru út eða til var stofnað fyrir 1. janúar 1997, teljast ekki til skattskyldra tekna að því leyti sem þeir voru áfallnir fyrir þau tímamörk.

Fjármagnstekjuskattur er lagður á heildarvaxtatekjur, án frádráttar vaxtagjalda. Ráðstafa skal til greiðslu tekjuskatts af fjármagnstekjum 18/37 hlutum þess persónuafsláttar sem ekki nýtist á móti tekjuskatti og útsvari.

Vextir

Greiddir eða greiðslukræfir vextir, greiddar verðbætur á afborganir og vexti, gengishækkun hlutdeildarskírteina, hvers kyns gengishagnaður, afföll af keyptum verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum kröfum og hvers kyns aðrar tekjur af peningalegum eignum skattleggjast í 20% skattþrepi.

Innlestur gengishagnaður á staðgreiðsluári og áfallinn í árslok af reikningum í innlánsstofnunum telst ennfremur til vaxta. Sama á við um gengishagnað sem fellur til frá einu greiðslutímabili til annars innan staðgreiðsluársins og skal slíkur hagnaður skattleggjast í 20% skattþrepi.

Ekki skal reikna tekjuskatt af heildarvaxtatekjum að fjárhæð 100.000 kr. á ári hjá einstaklingi. Ekki er tekið tillit til frítekjumarks í staðgreiðslu heldur einungis við álagningu opinberra gjalda.

Mótreikningur fjármagnstekna

Heimilt er að draga tapaða vexti frá fjármagnstekjum hafi skattur verið greiddur af vöxtunum. Skal það gert á því ári sem sýnt er að krafan sem vextir voru reiknaðir af fæst ekki greidd. Ef heimildin nýtist ekki á því ári er hún yfirfærð til næstu fimm ára. Fylla þarf út eyðublað RSK 3.16 með skattframtali einstaklings.

Arður

Fjármagnstekjuskattur af mótteknum arði af hlutum og hlutabréfum í félögum er 20%.

Leigutekjur

Leigutekjur af íbúðarhúsnæði og lausafé skattleggjast í 20% skattþrepi og er enginn frádráttur frá þeim heimilaður. Frítekjumark vegna

leigutekna manna af íbúðarhúsnæði er 30% af leigutekjum. Einnig má einstaklingur, sem leigir út húsnæði tímabundið, draga frá leigutekjum leigugjöld af íbúðarhúsnæði, sem hann leigir til eigin nota.

Útleiga manns á íbúðarhúsnæði telst ekki til atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi nema heildarfyrningargrunnur slíks húsnæðis í eigu hans í árslok nemi 29.324.700 eða meira ef um einstakling er að ræða, en 58.649.400 hjá hjónum.

Stofnsjóðsfé

Fé það sem fært er til séreignar í stofnsjóði í gagnkvæmum váttryggingar- og ábyrgðarfélögum, kaupfélögum og öðrum samvinnufélögum og það fé, sem félagsaðilum í slíkum félögum er greitt út vegna viðskipta þeirra, skattleggst í 20% skattþrepi enda sé um einstakling utan atvinnurekstrar að ræða.

Söluhagnaður

Hagnaður af sölu eigna, sem ekki tengjast atvinnurekstri, skattleggst í 20% skattþrepi. Undir þetta fellur t.d. hagnaður vegna sölu sumarbústaða, svo og hagnaður vegna sölu íbúðarhúsnæðis hafi eignarhaldstími þess verið skemmri en tvö ár.

Sala íbúðarhúsnæðis sem hefur verið í eigu einstaklings í meira en tvö ár er skattfrjáls og stærð húsnæðis er innan ákveðinna marka.

Söluhagnaður lausafjár hjá einstaklingum, sem ekki er notað í atvinnustarfsemi eða sjálfstæðri starfsemi, er að meginstefnu undanþeginn skatti.

Söluhagnaður af eignarhlutum í félögum

Hagnaður af sölu hlutabréfa myndar stofn til fjármagnstekjuskatts og er skattlagður 20%. Hagnaður telst vera mismunur á söluverði og kaupverði án alls framreiknings. Heimilt er að draga tap af sölu hlutabréfa frá hagnaði af sölu annarra hlutabréfa á sama ári. Við útreikning á söluhagnaði hlutabréfa, sem voru í eigu seljanda fyrir 1. janúar 1997, er annað hvort heimilt að miða kaupverðið við jöfnunarverðmæti bréfanna 31.12.1996 án framreiknings, eða miða við upphaflegt kaupverð, framreiknað til 31.12.1996. Hagnaður af sölu hlutabréfa er skattfrjáls, að hámarki 367.625 kr. hjá einstaklingum og 735.250 kr. hjá hjónum, ef hlutafélagið hefur hlotið staðfestingu ríkisskattstjóra, bréfin verið keypt á árunum 1990 til 1996 og verið í eigu seljanda í full fjögur ár.

Hægt er að nálgast upplýsingar um jöfnunarverðmæti félaga á heimasíðu RKS – www.rsk.is –

Útgreiðsla til hluthafa vegna lækkunar hlutafjár og við félagsslit

Útgreiðsla til hluthafa umfram kaupverð við lækkun hlutafjár eða við félagsslit telst til arðsúthlutunar og skattleggst 20% án möguleika til frestunar.

Hlutabréf á undirverði

Hagnaður einstaklings, sem eignast hlutabréf án endurgjalds eða á verði, sem er lægra en gangverð hlutabréfanna eða með öðrum sérkjörum sem jafna má til þess, er skattskyldur. Mismunurinn á gangverði og því verði sem hann galt fyrir þau skattleggjast í almennu skattþrepi tekjuskatts.

Kaup á hlutabréfum samkvæmt kauprétti

Tekjur starfsmanns af kaupum á hlutabréfum samkvæmt kauprétti, sem hann hefur öðlast vegna starfa fyrir annan aðila, eru skattlagðar í almennu skattþrepi tekjuskatts. Til skattskyldra tekna telst mismunur á kaupverði samkvæmt kaupréttarsamningi og gangverði bréfanna þegar kaupréttur er nýttur. Að uppfylltum tilteknum skilyrðum eru tekjur starfsmanns vegna kaupa hans á hlutabréfum samkvæmt kauprétti skattlagðar sem fjármagnstekjur (20%).

Skilyrðin eru:

1. Kaupréttur verður að hafa náð til allra starfsmanna í félaginu. Hlutabréfum eða hlutum starfsmanna skulu fylgja sömu réttindi og öðrum hlutabréfum eða hlutum félagsins.
2. Starfsmaður verður að hafa verið í föstu starfi hjá félaginu eða í öðru félagi í sömu félagasamstæðu.
3. Minnst 12 mánuðir verða að líða frá gerð kaupréttarsamnings þar til hann er nýttur.
4. Kaupverð má eigi vera lægra en vegið meðaltal í viðskiptum með hluti eða hlutabréf félags í 10 heila viðskiptadaga fyrir samningsdag.
5. Starfsmaður verður að eiga hlutabréfin eða hlutina í tvö ár eftir að kaupréttur er nýttur.
6. Samningurinn er ekki framseljanlegur.

7. Kaup hvers starfsmanns mega að hámarki nema samanlagt 600.000 kr. á ári miðað við kaupverð samkvæmt samningi.
8. Senda ber ríkisskattstjóra fyrirfram áætlun um kauprétt til staðfestingar.

Afslættir, bætur og frádrættir Persónuafsláttur

Allir sem hafa náð 16 ára aldri og eru heimilisfastir á Íslandi eiga rétt á persónuafslætti. Þeir sem ná 16 ára aldri á tekjuárinu reiknast fullur persónuafsláttur fyrir allt árið. Flytjist menn til eða frá Íslandi á tekjuárinu þá reiknast persónuafsláttur fyrir þann tíma sem þeir voru heimilisfastir á Íslandi og miðast útreikningurinn miðað við dagafjölda.

Persónuafsláttur

Persónuafsláttur árið 2011 er	530.466 kr.
Sé miðað við mánaðarlegan persónuafslátt þá er hann	44.205 kr.

Ónýttur persónuafsláttur er að fullu yfirfæranlegur milli hjóna, sambúðarfólks sem og aðila í staðfestri samvist.

Sjómannaafsláttur

Þeir sem fá greidd laun fyrir sjómannsstörf á íslensku skipi eða skipi sem gert er út af íslensku skipafélagi eiga rétt á sjómannaafslætti. Dagar sem veita rétt til sjómannaafsláttar eru þeir dagar sem skylt er að lögskrá menn, auk þeirra daga sem maður á rétt á veikindalaunum samkvæmt kjarasamningi. Hver dagur reiknast til sjómannaafsláttar með margfeldinu 1,49. Maður getur þó aldrei fengið sjómannaafslátt fyrir fleiri daga en hann er ráðinn hjá útgerð til sjómannsstarfa.

Sjómannaafslátturinn er á dag á árinu 2011	740 kr.
--	---------

Samþykkt hefur verið að lækka sjómannaafsláttinn næstu 4 ár þar til hann verður að fullu afnuminn árið 2014.

Vaxtabætur

Þeir sem greiða vaxtagjöld af lánnum vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota eiga rétt á vaxtabótum. Rétturinn stofnast á því ári þegar íbúð eða eignarhluti er keyptur eða bygging er hafin. Vaxtabætur ákvarðast samkvæmt upplýsingum á skattframtali.

Greiddir vextir og verðbætur af lánnum teljast til vaxtagjalda.

Almennt við ákvörðun vaxtabóta geta vaxtagjöld aldrei farið yfir 7% af eftirstöðvum þeirra lána sem tekin hafa verið til öflunar íbúðarhúsnæðis, miðað við stöðu þeirra í árslok.

Hámark vaxtagjalda til ákvörðunar vaxtabóta er:

Einhleypingur	800.000 kr.
Einstætt foreldri	1.000.000 kr.
Hjón og sambúðarfólk	1.200.000 kr.

6% af tekjuskattsstofni (samanlögðum tekjuskattsstofni hjóna og sambúðarfólks) dragast frá vaxtagjöldum. Þá skal bæta við launum og staðaruppbót sendimanna erlendis. Vaxtatekjur skerða ekki vaxtagjöld við útreikning vaxtabóta, en þær eru taldar með í tekjuskattsstofni við útreikning á skerðingu bótanna vegna tekna. Þannig ákvarðaðar vaxtabætur skerðast hlutfallslega ef eignir að frádregnum skuldum eru:

Hjá einhleypingi/einstæðu foreldri:

Hærri en	4.000.000 kr.
Og falla niður við hreina eign hærri en	6.400.000 kr.

Hjá hjónum og sambúðarfólki:

Hærri en	6.500.000 kr.
Og falla niður við hreina eign hærri en	10.400.000 kr.

Fullar vaxtabætur við álagningu 2011

Einhleypingur	400.000 kr.
Einstætt foreldri	500.000 kr.
Hjón og sambúðarfólk	600.000 kr.

Heimilt er að greiða þeim sem kaupa eða hefja byggingu íbúðarhúsnæðis, vaxtabætur fyrirfram og er þá um bráðabirgðagreiðslu að ræða. Vaxtabætur fyrir fyrsta ársfjórðung eru greiddar 1. ágúst, fyrir annan ársfjórðung 1. Nóvember, fyrir þriðja ársfjórðung 1. febrúar og fyrir fjórða ársfjórðung 1. maí. Sækja þarf um fyrirframgreiðslu vaxtabóta til ríkisskattstjóra og miðast upphafstími við þann ársfjórðung sem fyrsta fasteignaveðlán vegna kaupanna er tekið.

Endanlegar vaxtabætur ákvarðast svo í álagningu árið eftir. Athygli skal vakin á því að þinglýsingarkostnaður og stimpilgjöld af kaupsamningi eða afsali teljast ekki til vaxtagjalda hjá einstaklingum, hins vegar mynda lántökugjöld af skuldabréfum stofn til vaxtabóta.

Við ákvörðun vaxtabóta á því ári sem maður aflar sér íbúðarhúsnæðis, en hefur ekki fengið vaxtabætur árið áður, skal reikna vaxtabætur frá og með þeim ársfjórðungi sem fyrsta fasteignaveðlán vegna kaupanna er tekið. Skal hámark vaxtagjalda, tekjuskattsstofn og hámark vaxtabóta þá ákveðið hlutfallslega miðað við það.

Sérstök vaxtaniðurgreiðsla

Auk hefðbundinna vaxtabóta verður sérstök niðurgreiðsla vaxta ákvörðuð við álagningu opinberra gjalda árin 2011 og 2012.

Vaxtaniðurgreiðslan er 0,6% af skuldum vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota, þó að hámarki 200.000 kr. hjá einhleypingi og 300.000 kr. hjá hjónum, sambúðarfólki og einstæðum foreldrum.

Vaxtaniðurgreiðslan er ekki tekjutengd en skerðist miðað við eignir. Þannig byrjar skerðing hjá einstaklingi við nettóeign 10 mkr. og fellur niður þegar nettóeign nær 20 mkr. Skerðing hjá hjónum, sambúðarfólki og einstæðum foreldrum byrjar við nettóeign 15 mkr. og fellur niður þegar nettóeign nær 30 mkr.

Barnabætur

Barnabætur eru reiknaðar í fyrsta skipti vegna barns í álagningu ári eftir að það fæðist og í síðasta skipti í álagningu á því ári sem það nær 18 ára aldri. Barnabætur skiptast þannig að hluti þeirra er tekjutengdur.

Til viðbótar barnabótum samkvæmt því sem greinir hér að ofan skal greiða tekjutengdar barnabætur með öllum börnum yngri en sjö ára á tekjuárinu. Skulu þær árlega nema 61.191 kr. og skal skerðingarhlutfall þeirra vera 3% með hverju barni.

Óskertar bætur hjóna og sambúðarfólks:

Með fyrsta barni	152.331 kr.
Með hverju barni umfram eitt	181.323 kr.

Óskertar bætur einstæðra foreldra:

Með fyrsta barni	253.716 kr.
Með hverju barni umfram eitt	260.262 kr.

Barnabætur skerðast í hlutfalli við tekjur umfram:

Hjá hjónum og sambúðarfólki	3.600.000 kr.
Hjá einstæðu foreldri	1.800.000 kr.

Hlutfall skerðinga

Með einu barni	3%
Með tveimur börnum	5%
Með þremur börnum eða fleiri	7%

Tekjustofn til útreiknings barnabóta er frábrugðinn tekjuskattsstofni að því leyti að fjármagnstekjur, aðrar en vaxtatekjur, eru meðtaldar. Laun frá alþjóðastofnunum sem ekki eru skattlögð koma inn í tekjustofn til útreiknings á barnabótum. Þeir sem dveljast erlendis en eiga lögheimili hér á landi geta átt rétt á barnabótum, þó einungis að því marki sem barnabætur hér á landi eru hærrí en barnabætur eða hliðstæðar greiðslur erlendis frá. Greiðsludagur

barnabóta eru 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember. Fyrirframgreiðsla barnabóta nemur 50% af áætluðum barnabótum ársins og greiðist með tveimur jöfnum greiðslum. Fyrri greiðsluna skal greiða eigi síðar en 1. febrúar en þá síðari eigi síðar en 1. maí.

Ökutækjastyrkur

Frá fjárhæð ökutækjastyrks, er sannanlegur rekstrarkostnaður sem launþegi hefur borið vegna rekstrar ökutækis í þágu launagreiðanda leyfður til frádráttar. Skilyrði fyrir frádrættinum er að færð hafi verið akstursdagbók eða akstursskýrsla og að grein hafi verið gerð fyrir heildarrekstrarkostnaði og heildarnotkun bifreiðar á eyðublaði RSK 3.04.

Heimill frádráttur frá ökutækjastyrk er að hámarki 99,00 kr. pr.km. Athugið að þessi tala gæti tekið breytingum.

Frádráttur getur ekki orðið hærri en ökutækjastyrkur sem talinn er til tekna. Ef frádráttur er lægri en styrkurinn ber að reikna tekjuskatt og útsvar af mismuninum. Þegar akstur er innan við 3.000 km. á árinu er ekki þörf á að sundurliða rekstrarkostnað bifreiðar á framtali.

Dagpeningar

Dagpeningar eru greiddir vegna tilfallandi ferðalaga launþega á vegum launagreiðanda utan fasts sammingsbundins vinnustaðar. Þeim er ætlað að standa undir kostnaði launþegans vegna fjarveru frá heimili, annars vegar vegna gistikostnaðar og hins vegar vegna fæðisakaupa og annars tilfallandi kostnaðar sem af ferðinni hlýst. Á móti dagpeningum er launamönnum heimilt að færa frádrátt skv. skattmati ríkisskattstjóra. Á tekjuári þarf ekki að draga staðgreiðslu af dagpeningum, svo fremi að greiðslurnar séu ekki hærri en kveðið er á um í skattmati fjármálaráðherra. Séu þær hærri ber að draga staðgreiðslu af mismuninum. Hægt er að nálgast skattmat fjármálaráðherra á heimasíðu ríkisskattstjóra, www.rsk.is.

Framlag í lífeyrissjóð

Skylda til að greiða iðgjald til öflunar lífeyrisréttinda hvílir á öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur (16-70 ára). Lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð skal vera 12% (4% hjá launþega og 8% hjá launagreiðanda) og er reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa eða reiknuðu

endurgjaldi. Iðgjaldshluti launþegans (4%) dregst frá skattskyldum tekjum hans. Til gjaldstofns teljast ekki hlunnindi eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði.

Til viðbótar lágmarksiðgjaldi er launamanni heimilt að greiða og draga frá skattskyldum tekjum sínum allt að 4% viðbótariðgjald, sé iðgjaldinu varið til að auka lífeyrisréttindi. Viðbótariðgjaldinu má ráðstafa í séreignarsjóð. Í kjarasamningum flestra stéttarfélaganna er samið um mótframlag launagreiðenda og hafa flest stærri launþegasamtök samið um 2% mótframlag.

Meðan á fæðingarorlofi stendur greiðir foreldri að lágmarki 4% af fæðingarorlofsgreiðslu í lífeyrissjóð og Fæðingarorlofssjóður að lágmarki 8%. Foreldri er að auki heimilt að greiða í séreignarsjóð og greiðir þá Fæðingarorlofssjóður lögbundið framlag á móti.

Ef framlag launagreiðanda í lífeyrissjóð fer yfir 12% af launum og reiknuðu endurgjaldi og fer yfir 2.000.000 kr. á ári, þá telst það sem umfram er til skattskyldra launatekna.

Útsendir starfsmenn frá EES löndum er starfa tímabundið hér á landi en fá greidd laun frá erlendum launagreiðanda eru undanþegnir lífeyrissjóðsgreiðslum ef þeir leggja fram E-101 vottorð.

Skattskyld hlunnindi Bifreiðahlunnindi

Færa skal launþega til tekna umráð hans yfir bifreið launagreiðanda. Láti launagreiðandi starfsmanni sínum í té fólksbifreið, þ.m.t. skutbifreið, jeppabifreið, eða aðra bifreið sem hægt er að hafa sambærileg not af, til fullra umráða skal meta þau starfsmanni til tekna án tillits til notkunar hans á bifreiðinni.

Ársumráð bifreiðar skulu metin til tekna sem hlutfall af verði þeirra sem hér segir vegna notkunar á árinu 2011:

Bifreiðahlunnindi

Bifreið tekin í notkun 2009 eða síðar	26%
Bifreið tekin í notkun 2006 til 2008	21%
Bifreið tekin í notkun 2005 eða fyrir	18%

Greiði starfsmaður sjálfur rekstrarkostnað bifreiðar sem hann hefur til umráða skal lækka hlutfall hlunninda um 6% af verði bifreiðarinnar, skv. Bifreiðaskrá RSK. Bifreið sem flutt var inn notuð telst hafa verið tekin til notkunar á því ári sem hún var framleidd. Mánaðarleg hlunnindi teljast 1/12 af hlunnindum reiknuðum eins og að framan greinir fyrir hvern byrjaðan mánuð og skal við það miðað ef umráðin vara hluta úr ári.

Húsnæðishlunnindi

Ef launagreiðandi útvegar launþega húsnæði og launþegi greiðir ekki fyrir afnot af húsnæðinu þá skal færa launþega umrædd umráð til tekna. Tekjurnar miðast við 3,5%, 4% eða 5% af fasteignamati viðkomandi húsnæðis og fer prósentutalan eftir staðsetningu húsnæðisins (5% fyrir húsnæði í Reykjavík).

Álagning og greiðsla skatta

Í upphafi hvers árs skal fjármálaráðherra að fengnum tillögum ríkisskattstjóra ákveða með auglýsingu hvenær álagningu skuli vera lokið. Álagningu skal þó vera lokið eigi síðar en tíu mánuðum eftir lok tekjuárs.

Ríkisskattstjóri skal í upphafi hvers árs ákveða fresti skattaðila til að skila framtali auk annarra gagna.

Staðgreiðsluskyldar fjármagnstekjur eru arður og vaxtatekjur. Þær fjármagnstekjur sem ekki eru staðgreiðsluskyldar eru leigutekjur, söluhagnaður og aðrar eignatekjur.

Þegar framtalsfrestur er liðinn skal skattstjóri leggja tekjuskatt á skattaðila samkvæmt framtali hans. Til frádráttar álögðum gjöldum koma staðgreiðsla skatts á launatekjur og fjármagnstekjur. Séu þessir liðir hærri en álögð gjöld kemur mismunurinn til skuldajöfnunar og/eða endurgreiðslu.

Umsókn um lækkun tekjuskattsstofns

Hafi framteljendur á sinni framfærslu ungmenni á aldrinum 16-21 árs, sem eru við nám eða hafa af öðrum ástæðum það lágur tekjur að þær duga ekki til framfærslu, geta þeir sótt um ívilnun til skattstjóra til lækkunar á tekjuskattsstofni. Sé ungmennið í skóla þarf að tilgreina nafn skóla. Veiti

námið rétt til námslána kemur ívilnun ekki til álita. Mesta lækkun á tekjuskattsstofni framfæranda við álagningu 2011 er 291.000 kr. miðað við að ungmenni hafi engar tekjur haft. Frá þessari fjárhæð dregst 1/3 af tekjum ungmennis þannig að þegar tekjur þess eru orðnar 873.000 kr. fellur réttur til ívilnunar framfæranda niður. Um ívilnun þessa er sótt á fyrstu síðu skattframtals einstaklinga og fylla þarf út eyðublað RSK 1.01.

Undir sérstökum kringumstæðum getur skattstjóri einnig lækkað tekjuskatts- og útsvarsstofn. Eftirfarandi skilyrði eru fyrir lækkun samkvæmt þessari heimild:

Veikindi, slys, ellihrörleiki og mannlát:

Ef framangreind atriði leiða til skerts gjaldþols framteljanda.

Veikindi eða fötlun barns sem haldið er langvinnnum sjúkdómum:

Skilyrði fyrir lækkun vegna framangreinds er að framteljandi hafi veruleg útgjöld umfram venjulegan framfærslukostnað vegna barns sem svo er ástatt um.

Framfærsla foreldra eða annarra vandamanna:

Skilyrði fyrir lækkun samkvæmt framangreindu eru sannanleg útgjöld vegna framfærslu vegna foreldra eða annarra vandamanna.

Eignatjón:

Hafi framteljandi orðið fyrir verulega eignatjóni sem hann hefur ekki fengið bætt.

Töþ á útistandandi kröfum sem ekki stafa frá atvinnurekstri:

Þetta gildir m.a. um ábyrgðir sem fallið hafa án möguleika til endurkröfu.

Umsókn um lækkun ber að skila með skattframtali, á eyðublaði RSK 3.05. Þar koma fram upplýsingar um hvaða gögn þurfa að fylgja umsókn.

Ýmislegt

Erfðafjárskattur og dánarbú

Erfðafjárskattur er 10% og gildir það hvort heldur sem um er að ræða hefðbundna arftöku eða fyrirframgreiðslu arfs.

Ekki er greiddur erfðafjárskattur af fyrstu 1.500.000 kr. í skattstofni dánarbús, en skattfrelsi þetta gildir ekki um fyrirframgreiðslu arfs.

Skattstofn er heildarverðmæti allra fjárhagslegra verðmæta og eigna sem liggja fyrir á dánardegi arfleiddanda að frádragnum skuldum og kostnaði. Með heildarverðmæti er átt við almennt markaðsverðmæti viðkomandi eignar. Fasteignir eru taldar á fasteignamatsverði.

Arfur er skattlagður sem almennar tekjur sé erfðafjárskattur ekki greiddur.

Hvorki er greiddur erfðafjárskattur af arfi sem fellur til eftirlifandi maka eða sambýlismanns né af lífeyrissparnaði sem fellur til erfingja. Dánarbú skattleggjast sem lögaðilar í 36% skattþrepi.

Dánarbú skattleggjast þar sem skipti fara fram.

Einstaklingar – með takmarkaða skattskyldu

Takmörkuð skattskylda

Með takmarkaðri skattskyldu aðila er átt við skyldu þeirra sem ekki hafa heimilisfesti hér á landi til að greiða tekjuskatt af tekjum sem uppruna eiga hér á landi, án tillits til þeirra tekna sem þeir kunna að afla annars staðar á sama tíma eða sama almanaksári. Í tvísköttunarsamningum er að finna ýmis ákvæði sem valda því að tekjur, sem án slíkra samninga væru skattskyldar hér, eru það ekki.

Skatthlutfall – skattskil

Allir menn sem eru búsettir utan Íslands en dvelja tímabundið hér á landi og njóta launa fyrir störf sín skulu greiða tekjuskatt af þeim launum. Tekjuskatturinn er sá sami og gildir um innlenda launamenn, þ.e. 22,9%-31,8%. Til viðbótar tekjuskatti er einnig lagt á útsvar á þessar tekjur sem er að jafnaði 14,41%. Þessir einstaklingar eiga rétt á persónuafslætti í réttu hlutfalli við dvalardaga.

Gegn framvísun E 101 vottorðs geta einstaklingar innan EES svæðisins komist hjá skyldu til að greiða í íslenskan lífeyrissjóð og sömuleiðis hluta af greiðslu tryggingagjalds. Þessi undanþága er háð

því að sambærilegar greiðslur séu inntar af hendi í heimaríkinu.

Menn sem reka hér á landi fasta starfsstöð, taka þátt í rekstri fastrar starfsstöðvar eða njóta hluta af ágóða slíkrar starfsstöðvar skulu reikna 22,9%-31,8% tekjuskatt af tekjuskattsstofni. Útsvar greiðist til þess sveitarfélags þar sem mestra tekna var aflað á tekjuárinu. Enginn persónuafsláttur reiknast.

Söluhagnaður af fasteignum, vaxtatekjur, söluhagnaður hlutabréfa og arðsgreiðslur sæta 20% fjármagnstekjuskatti. Um er að ræða afdráttarskyldu varðandi vaxtatekjur, söluhagnað hlutabréf og arðgreiðslur.

Leigutekjur af íbúðarhúsnæði sæta 20% fjármagnstekjuskatti, en ekki skal leggja skatt á 30% af leigutekjum manns af íbúðarhúsnæði.

Laun manna fyrir stjórnar- endurskoðenda- eða nefndarstörf, eftirlaun, biðlaun, styrkir eða hliðstæðar greiðslur fyrir þjónusta eða starfsemi innta af hendi hér á landi skal sæta 18% tekjuskatti auk útsvars.

Eftirlaun og lífeyrisgreiðslur skulu skattlagðar eins og laun, þ.e. 22,9%-31,8% auk útsvars, en heimilt skal að nýta persónuafslátt frá tekjuskatti af eftirlaunum og lífeyri og skal ónýttum hluta hans einungis ráðstafað til greiðslu á útsvari af sömu tekjum. Sá hluti persónuafsláttar sem þá er enn óráðstafað fellur niður og er hann ekki millifæranlegur milli hjóna nema þau séu bæði eftirlaunaþegar eða lífeyrisþegar.

Einstaklingur sem þiggur greiðslu vegna skemmtunar eða keppni án ákveðinna launa en nýtur þess í stað afraksturs af slíkri starfsemi greiðir 15% tekjuskatt auk útsvars.

Staðgreiðsluskil

Skattur af tekjum einstaklinga skiptist annars vegar í tekjuskatt til ríkisins og hins vegar í útsvar til

sveitarfélaga. Tekjuskattur og útsvar eru innheimt í staðgreiðslu, þ.e. mánaðarlega á því ári sem teknanna er aflað.

Undanþága frá skattskyldu á grundvelli tvísköttunarsamnings

Til að sækja um undanþágu frá skattskyldu hér á landi á grundvelli ákvæða tvísköttunarsamnings þarf að fylla út og skila eyðublaði RSK 5.42 til skattyfirvalda.

Til að sækja um endurgreiðslu á skatti á grundvelli ákvæða tvísköttunarsamnings þarf að fylla út og

skila eyðublaði RSK 5.43 til skattyfirvalda.

Álagning og greiðsla skatta

Þeir menn sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi, sbr. 1. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga, og eru á förum úr landi skulu skila framtali til ríkisskattstjóra eigi síðar en viku fyrir brottför sína. Að öðru leyti er farið eftir sömu reglum og gilda um framtalsgerð og álagningu heimilisfastra aðila.

2. Fyrirtæki

Tekjuskattur Skatthlutfall

Tekjuárið 2011 er skatthlutfall félaga með takmarkaða ábyrgð og samvinnufélaga 20% (var 18% tekjuárið 2010). Skatthlutfall annarra lögaðila er 36% tekjuárið 2011 (var 32,7% tekjuárið 2010).

Skattskyldar tekjur

Skattskyldar tekjur lögaðila eru tekjur að frádregnum rekstrargjöldum. Til rekstrargjalda teljast þau gjöld sem ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við.

Söluhagnaður hlutabréfa

Hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutafélög (með sjálfstæða skattaðild), gagnkvæm váttryggingar- og ábyrgðarfélög, kaupfélög, önnur samvinnufélög og samvinnufélagasambönd geta fært til frádráttar tekjum hagnað af sölu hlutabréfa ef þau hafa átt a.m.k. 10% hlut í viðkomandi lögaðila á söludegi. Á þetta aðeins við um hlutabréf og eignahluti í hlutafélögum, einkahlutafélögum og samlagshlutafélögum. Hið sama gildir um hagnað sem félög í sömu félagasamböndum með takmarkaða skattskyldu á Íslandi og eru heimilisföst í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum, hafa fengið af sölu hlutabréfa.

Framangreint gildir hvort sem um er að ræða hagnað af sölu hlutabréfa í félögum sem skráð eru á Íslandi eða erlendis ef seljandi sýnir fram á að hagnaður af starfsemi hins erlenda félags hafi verið skattlagður með sambærilegum hætti og gert er á Íslandi og í skatthlutfalli sem sé eigi lægra en skatthlutfall í einhverju aðildarríki OECD, EES eða EFTA.

Tap umfram hagnað af sölu hlutabréfa og afleiðusamninga, þar sem undirliggjandi eru

eingöngu hlutabréf, heimilast ekki sem frádráttur frá tekjum og myndar því ekki yfirfæranlegt tap.

Frádráttur er því aðeins heimill að yfirfæranlegt rekstrartap hafi verið jafnað, þar með talið tap sem myndast hefur á árinu.

Arðgreiðslur

Hlutafélögum og einkahlutafélögum er heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum móttekinn arð sem þau fá úthlutað frá hlutafélögum, einkahlutafélögum og samlagshlutafélögum. Skilyrði fyrir frádrætti er að félag sem móttekur arðinn eigi a.m.k. 10% hlut í þeim lögaðila sem greiðir arðinn í lok þess árs sem arður er greiddur vegna. Sama gildir um móttekinn arð erlendis frá, hafi hagnaður hlutafélagsins sem er verið að úthluta, verið skattlagður með svipuðum hætti og gert er hér á landi. Skilyrði er að skatthlutfall, sem lagt er á hagnað hins erlenda félags, sé eigi lægra en almennt skatthlutfall í einhverju aðildarríki OECD eða aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins.

Skilyrði frádráttar að yfirfæranlegt rekstrartap hafi verið jafnað, þ.m.t. tap sem myndast hefur á árinu.

Sameignarfélögum er ekki heimilt að gjaldfæra móttekinn arð en greiða á móti aðeins 20% skatt af arðstekjum.

Hluti arðgreiðslu sem telst til launatekna

Hjá þeim skattaðilum sem skylt er að reikna sér endurgjald skal telja til tekna sem laun 50% af heimilum úthlutuðum arði samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, að því marki sem heimil arðsúthlutun félagsins er samtals umfram 20% af skattalega bókfærðu eigin fé þess í árslok viðmiðunarárs.

Afskriftarhlutföll og niðurfærsla eigna

	Lágmark-Hámark 2009/2010
Skip, skipsbúnaður og fólksbifreiðar	10%-20%*
Loftför og fylgihlutir	10%-20%*
Verksmiðjuvélar, iðnaðarvélar og tæki	10%-30%*
Skrifstofuáhöld og tæki	20%-35%*
Vélar, tæki og bifreiðar sem ekki falla undir flokkana hér á undan	20%-35%*
Íbúðarhúsnæði, skrifstofu- og verslunarhúsnæði	1%-3%
Verksmiðju- og verkstæðishúsnæði, vörugeymslur og fleira	3%-6%
Keyptur eignarréttur að hugverkum og auðkennum, s.s. höfundarréttur, útgáfuréttur, réttur til hagnýtingar upplýsinga, einkaleyfis og vörumerkja	15%-20%
Keypt viðskiptavild	10%-20%

* Fyrningargrunnur þessara fastafjármuna er stofnverð þeirra að frádregnum áður fengnum fyrningum (bókfært verð).

Keyptar aflaheimildir er ekki hægt að fyrna. Stofnkostnað við kaup á framleiðslurétti í landbúnaði má færa niður án endurmats með jöfnum fjárhæðum á fimm árum. Eftirtaldar eignir má færa niður að fullu á því ári sem þær myndast eða gjaldfæra með jöfnum fjárhæðum á fimm árum:

- Stofnkostnað, svo sem vegna skráningar fyrirtækis og öflunar atvinnurekstrarleyfa.
- Kostnað við tilraunavinnslu, markaðsleit, rannsóknir, öflun einkaleyfis og vörumerkja. Falli notkun einstakra eigna ekki undir sama fyrningarhlutfall skal fyrningargrunni þeirra skipt eftir notkun, þó þannig að sé eign notuð að 3/4 hlutum eða meira til sömu starfsemi skal eignin í heild háð sama fyrningarhlutfalli.

Samsköttun félaga

Heimilt er að óska eftir samsköttun hlutafélaga ef móðurfélag á a.m.k. 90% í dótturfélagi eða móður- og dótturfélag eiga saman a.m.k. 90% í öðru dótturfélagi og félögin hafa sama reikningsár. Sama gildir þegar dótturfélag er í eigu samvinnufélags eða sparisjóðs. Eignarhald verður að hafa varað allt reikningsárið nema þegar um nýstofnuð dótturfélög er að ræða eða slit á dótturfélagi. Samsköttunin nær til tekjuskatts. Heimildin er veitt til fimm ára í senn. Sé samsköttun slitið er ekki fallist á samsköttun á ný fyrr en að fimm árum liðnum. Í samsköttun er hvert ár gert upp áður en tekið er tillit til taps fyrri ára. Tap félags í samsköttun er gert hlutfallslega upp á milli hagnaðar félaganna.

Milliverðlagning (Transfer Pricing)

Í íslenskum skattalögum er að finna svonefnda armslengdarreglu, sem kveður á um að semji aðilar

sín á milli í viðskiptum á hátt sem verulega er frábrugðinn því sem almennt gerist í slíkum viðskiptum, skuli verðmæti sem án slíkra samninga hefðu runnið til annars skattaðilans en gera það ekki vegna samningsins, teljast honum til tekna. Á grundvelli þeirrar reglu hafa skattyfirvöld heimild til þess að endurákværða það verð sem skuli gilda við ákvörðun skattstofna. Heimild skattyfirvalda til endurákvörðunar tekur til næstu sex ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram.

CFC Reglur (Controlled Foreign Company)

Aðili sem á beint eða óbeint hlut í hvers kyns félagi, sjóði eða stofnun sem telst heimilisföst í lágskattaríki skal greiða tekjuskatt af hagnaði slíkra aðila í hlutfalli við eignarhluta sinn án tillits til úthlutunar. Hið sama á við um skattaðila sem stjórnar félagi, sjóði, stofnun eða eignasafni í lágskattaríki sem skattaðili hefur beinan eða óbeinan ávinning af. Svo framangreint eigi við,

verður erlendi aðilinn að vera heimilisfastur í lágskattaríki; helmingur eignarhalds í erlenda aðilanum að vera beint eða óbeint í eigu íslenskra skattaðila eða stjórnunarleg yfirráð að vera til staðar innan tekjuárs.

CFC reglur eiga ekki við ef sjóður eða stofnun fellur undir tvísköttunarsamning milli Íslands og lágskattaríkis eða ef slíkir aðilar eru skráðir í öðru EES-ríki og hafa þar með höndum raunverulega atvinnustarfsemi og tvísköttunarsamningur er í gildi milli landanna.

Eftirstöðvar rekstrartaps

Eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu tíu árum á undan tekjuári má draga frá tekjum af atvinnurekstri, enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir rekstrartapinu og eftirstöðvum þess á því tekjuári þegar tapið myndaðist.

Álagning og greiðsla tekjuskatts

Tekjuskatt skal miða við tekjur næsta almanaksárs á undan skattákvörðun. Þó getur ríkisskattstjóri, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, heimilað aðila að hafa annað reikningsár í stað almanaksársins.

Í upphafi hvers árs skal fjármálaráðherra að fengnum tillögum ríkisskattstjóra ákveða með auglýsingu hvenær álagningu skuli vera lokið. Álagningu skal þó vera lokið eigi síðar en tíu mánuðum eftir lok tekjuárs. Álagning lögaðila skal liggja fyrir 29. október 2011.

Ríkisskattstjóri skal í upphafi hvers árs ákveða fresti skattaðila til að skila framtali auk annarra gagna. Þann 31. maí 2011 er skiladagur framtala lögaðila, en þeir sem hafa atvinnu af því að gera skattframtöl fyrir aðra hafa lengri frest eða til 10. september 2011.

Gjalddagar opinberra gjalda eru 1. dagur hvers mánaðar, að undanskildum janúar og október. Lögaðilum er gert að greiða tekjuskatt fyrirfram sem dregst síðan frá endanlegri álagningu í október ár hvert. Fyrirframgreiðslan er innheimt í febrúar – september og nemur 8,5% af tekjuskatti ársins 2010 á hverjum gjalddaga. Samtals nemur fyrirframgreiðslan því 68% af álögdum tekjuskatti 2010. Eftirstöðvum gjalda er jafnað á tvo gjalddaga, 1. nóvember og 1. desember.

Gjalddögum fjármagnstekjuskatts af vöxtum og arði er skipt á fjögur tímabil, þ.e. janúar – mars, apríl – júní, júlí – september og október – desember. Gjalddagar eru 20. apríl, 20. júlí, 20. október og 20. janúar. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga.

Skattaleg meðferð af eftirgjöf skulda

Í gildi eru ákvæði til bráðabirgða sem kveða á um heimild til að tekjufæra einungis 50% af fengnum eftirstöðvum af eftirgjöf skulda vegna tekjuáranna 2009-2011 allt að samtals 50. millj. kr. og 75% af eftirgjöf umfram samtals 50 millj. kr. á framangreindu tímabili. Skilyrði fyrir framangreindu er að um sé að ræða skuld sem stofnað er til í beinum tengslum við atvinnurekstur og að rekstrartap ársins og yfirfæranlegt tap hafi verið jafnað.

Heimilt er að færa á milli tekjuáranna 2010 til og með 2014 þann hluta eftirgjafarinnar sem er umfram yfirfæranlegt rekstrartap og möguleg rekstrartöp á tímabilinu, fyrningar og niðurfærslu miðað við rekstrarniðurstöðu þessara ára. Það er þó skilyrði að allar fyrnanlegar eignir hafi verið fyrndar og mögulegar hámarksniðurfærslur á viðskiptakröfum og vörubirgðum hafi verið nýttar. Þá er skilyrði um að arði sé ekki úthlutað vegna tekjuáranna 2010 og að ekki sé um að ræða samsköttun, sameiningu eða skiptingu á sama tímabili. Að loknu þessu fimm ára tímabili eða í árslok 2014 er heimilt að færa þann hluta eftirgjafarinnar sem er umfram 500 millj. kr. til tekna með jöfnum fjárhæðum á tekjuárunum 2015 til og með 2019, en sé eftirgjöf þannig metin 500 millj. kr. eða lægri fellur hún niður.

Aðrir skattar og gjöld Mótframlag í lífeyrissjóð

Lágmarksmótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð (sameignarsjóð) er 8% af launum, en sumir kjarasamningar kveða á um 1% auka mótframlag atvinnurekanda. Mótframlag atvinnurekanda í séreignarlífeyrissjóð er almennt 2% á móti 2% - 4% framlagi launþega.

Tryggingagjald

Tryggingagjald í staðgreiðslu tekjuárið 2010 er 8,65% en viðbót við tryggingagjald vegna launa

sjómanna er 0,65%. Tryggingagjald launþega með E-101 vottorð er 0,632%

Ef reiknað endurgjald eða greidd vinnulaun til annarra nær ekki 504.000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt að greiða tryggingagjald með einni greiðslu í lok árs í stað mánaðarlegra greiðslna.

Búnaðargjald

Gjaldstofn búnaðargjalds er velta búvöru og tengdrar þjónustu hjá gjaldskyldum búvöruframleiðendum og nemur búnaðargjaldið 1,2% af gjaldstofni.

Kolefnisgjald

Greiða skal kolefnisgjald til ríkissjóðs af fljótandi jarðefnaeldsneyti. Með fljótandi jarðefnaeldsneyti er átt við gas- og dísilolíu, bensín, flugvéla- og þotueldsneyti og brennsluolíu. Gjaldskyldir aðilar eru allir þeir sem flytja til landsins slíka vöru hvort sem er til endursölu eða eigin nota. Gjaldið er:

Kolefnisgjald

4,35 kr. á hvern lítra af gas- og dísilolíu

3,80 kr. á hvern lítra af bensíni

4,10 kr. á hvern lítra af flugvéla- og þotueldsneyti

5,35 kr. á hvert kílógramm af brennsluolíu

Kolvetnisskattur

Aðilar sem hafa fengið leyfi til leitar, rannsókna og/eða vinnslu kolvetnis svo og öðrum aðilum sem taka með beinum eða óbeinum hætti þátt í vinnslu og dreifingu kolvetnisafurða skulu ýmist greiða vinnslugjald, sem er óháð afkomu vinnslunnar, eða kolvetnisskatt þegar vinnslan er farin að skila hagnaði.

Takmörkuð skattskylda lögaðila

Með takmarkaðri skattskyldu aðila er átt við skyldu þeirra sem ekki hafa heimilisfesti hér á landi til að greiða tekjuskatt af tekjum sem uppruna eiga hér á landi, án tillits til þeirra tekna sem þeir kunna að afla annars staðar á sama tíma eða sama

almanaksári. Í tvísköttunarsamningum er að finna ýmis ákvæði sem valda því að tekjur, sem án slíkra samninga væru skattskyldar hér, eru það ekki.

Skatthlutfall – afdráttarskattar

Erlendir lögaðilar sem fá greiðslur fyrir þjónustu eða starfsemi innta af hendi hér á landi og lögaðilar sem reka hér á landi fasta starfsstöð, taka þátt í rekstri fastrar starfsstöðvar eða njóta hluta af ágóða slíkrar starfsstöðvar greiða sambærilegan tekjuskatt hér á landi af þeim tekjum og íslenskir lögaðilar gera. Tekjuskattur er lagður á tekjuskattsstofn, þ.e. á tekjur að frádregnum heimiluðum frádrætti, með eftirfarandi skatthlutfalli.

- 20% tekjuskattur ef um hlutafélög eða einkahlutafélög er að ræða.
- 36% tekjuskattur ef um aðra lögaðila er að ræða, svo sem sameignarfélög, samlagsfélög, sjóði og dánarbú.

Erlendir lögaðilar sem hafa hér á landi söluhagnað af hlutabréfum eða arðgreiðslur sæta 18% afdráttarskatti af þeim tekjum. Afdregin staðgreiðsla af arði og söluhagnaði hlutabréfa er bráðabirgðagreiðsla upp í álagningu. Lögaðilar sem heimilisfastir eru á Evrópska efnahagssvæðinu eiga þess kost að nýta tiltekna frádráttarheimildir á móti hagnaði af sölu hlutabréfa eða mótteknum arðgreiðslum. Óski hinn erlendi lögaðili að nýta heimild til slíks frádráttar ber honum að telja tekjurnar fram hér á landi með sama hætti og innlendir lögaðilar og færa móttekinn arð/söluhagnað til frádráttar sambærilegum tekjum. Afdregin staðgreiðsla fengist þannig endurgreidd við álagningu opinberra gjalda í nóvember að ári.

Söluhagnaður og leigutekjur af fasteign sæta 20% tekjuskatti. Ekki er um afdráttarskatt að ræða heldur ber móttakanda að telja tekjurnar fram og síðan er skatturinn lagður á í álagningu opinberra gjalda.

Vaxtatekjur erlendra lögaðila sæta 18% afdráttarskatti. Um er að ræða brúttóskattlagningu vaxtatekna. Engin frádráttarheimild er til staðar. Afdráttarskatturinn er fullnaðargreiðsla skatts og því engin frekari framtalsskylda fyrir hendi. Vakin er athygli á því að skilgreining vaxtatekna er mjög víðtæk samkvæmt íslenskum skattalögum. Þannig falla undir hugtakið vaxtatekjur af bankainnstæðum, verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, skuldabréfum eða öðrum kröfum og fjármálagerningum. Sama gildir um söluhagnað af verðbréfum öðrum en hlutabréfum.

Tekjur af leigu, afnotum eða rétti til hagnýtingar á einkaleyfum sæta 20% afdráttarskatti. Um er að ræða brúttóskattlagningu. Engin frádráttarheimild er til staðar. Afdráttarskatturinn er fullnaðargreiðsla skatts og því er engin frekari framtalsskylda fyrir hendi.

Staðgreiðsluskil

Við staðgreiðsluskil á sköttum vegna takmarkaðrar skattskyldu skal fylla út og skila eyðublaði RSK 5.41 til skattyfirvalda.

Tvísköttunarsamningar

Í samningum sem gerðir hafa verið við önnur ríki til að koma í veg fyrir tvísköttun tekna, er að finna ýmis ákvæði sem valda því að tekjur sem án slíkra samninga væru skattskyldar hér á landi, eru það ekki. Getur hér bæði komið til að skattskylda hérlandis skv. 3. gr. tekjuskattslaganna flytjist til sammingsríkisins og tekjur skattskyldra aðila skv. 1. gr. skattalaga sæti takmörkun hvað skattlagningu varðar hér á landi.

Ísland er aðili að tvísköttunarsamningum við eftirfarandi ríki:

Bandaríkin	Holland	Litháen	Pólland	Tékkland
Belgía	Indland	Lúxemborg	Rúmenía	Ungverjaland
Bretland	Írland	Malta	Rússland	Úkraína
Eistland	Ítalía	Mexikó	Slóvakía	Víetnam
Frakkland	Kanada	Mön	Spánn	Þýskaland
Grikkland	Kína	Norðurlöndin*	Suður Kórea	
Grænland	Lettland	Portúgal	Sviss	

*Samningur milli Finnlands, Noregs, Svíþjóðar, Danmerkur, Færeyja og Íslands.

Undanþága frá skattskyldu á grundvelli tvísköttunarsamnings

Til að sækja um undanþágu frá skattskyldu hér á landi á grundvelli ákvæða tvísköttunarsamnings þarf að fylla út og skila eyðublaði RSK 5.42 til skattyfirvalda.

Til að sækja um endurgreiðslu skatts á grundvelli ákvæða tvísköttunarsamnings þarf að fylla út og skila eyðublaði RSK 5.43 til skattyfirvalda.

Virðisaukaskattur

Virðisaukaskattur var tekinn upp með lögum nr. 50/1988 og tók gildi 1.janúar 1990.

Virðisaukaskattur er vörsluskattur og almennur neysluskattur sem innheimtur er af innlendum viðskiptum á öllum stigum. Hann er einnig innheimtur við innflutning á vöru og þjónustu. Öll vara og þjónusta, sem ekki er sérstaklega undanþegin virðisaukaskatti, er skattskyld.

Skatthlutfallið

Almennt þrep í virðisaukaskatti er 25,5%

Þó skal innheimta 7% virðisaukaskatt af eftirtalinni vöru og þjónustu:

- Útleigu hótél- og gistiherbergja og annarri gistiþjónustu.
- Afnotagjöldum hljóðvarps- og sjónvarpsstöðva.
- Sölu tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða.
- Sölu bóka, jafnt frumsaminnna sem þýðdra, sem og hljóðupptökur af lestri slíkra bóka.
- Sölu á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns.
- Sölu á matvælum og öðrum vörum til manneldis sem skilgreindar eru í viðauka við lög um virðisaukaskatt.
- Aðgangi að vegamannvirkjum.
- Sölu á geisladiskum, hljómplötum, segulböndum og öðrum sambærilegum miðlum með tónlist en ekki mynd.

Virðisaukaskattskyldir aðilar

Rekstraraðilar sem selja skattskylda vöru eða þjónustu í atvinnuskyni teljast vera í virðisaukaskattskyldri starfsemi. Með atvinnuskyni er átt við að starfsemin sé rekin í hagnaðarskyni.

Undanþegin vinna og þjónusta

Í lögum um virðisaukaskatt eru tilgreindar undanþágur frá innheimtu virðisaukaskatts. Þær taka meðal annars til heilbrigðisþjónustu, félagslega þjónustu, rekstur skóla og ýmiss konar kennslu, ýmsa menningar- og íþróttastarfsemi, þjónustu við fólksflutninga. Undanþágan tekur einnig til pósthjónustu, fasteignaleigu (þó ekki útleigu hótél- og gistiherbergja) og útleigu bifreiðastæða, váttryggingarstarfsemi, þjónustu lánastofnana og verðbréfamiðlunar auk, happadrætta, getraunastarfsemi, ýmiss konar liststarfsemi, þjónustu ferðaskrifstofa, útfararþjónustu og prestþjónustu hvers konar.

Undanþegnir virðisaukaskattskyldu eru einnig þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 1.000.000 kr. á ári.

Umboðsmaður fyrir erlenda aðila

Erlendir aðilar sem reka hér á landi skattskyld viðskipti en hafa hvorki búsetu né starfsstöð hér á landi þurfa að tilkynna umboðsmanna með heimilisfesti hér á landi til skráningar fyrir hans hönd og eru báðir aðilar ábyrgir fyrir greiðslu skattsins í ríkissjóð.

Skattverð

Skattverð er það verð sem kaupandi greiðir fyrir vöru eða þjónustu án virðisaukaskatts og án frádráttar nokkurs kostnaðar eða þjónustugjalds. Virðisaukaskattur er því viðbót við það verð sem seljandi setur fyrir viðkomandi vöru eða þjónustu.

Skattskyld og undanþegin velta

Virðisaukaskattur er reiknaður af allri skattskyldri veltu skráðs aðila. Nokkrar undanþágur eru þó til staðar í 12. gr. virðisaukaskattslaga en undanþegin viðskipti eru:

1. Útflutningur vöru og þjónustu. Ekki skal reikna útskatt á vöru sem seld er úr landi, svo og vinnu og þjónustu sem veitt er erlendis.
2. Vöruflutningar milli landa. Sama gildir um vöruflutninga innanlands sem eru hluti af samningi sem farmflytjandi hefur gert um flutning til eða frá útlöndum.
3. Vinna við vöru á kostnað erlends aðila þegar fyrirtækið, sem annast vinnuna, flytur vöruna út að vinnu lokinni, svo og gerð og mótun vöru á kostnað erlends aðila þegar framleiða á vöruna erlendis.
4. Hönnun, skipulagning, áætlanagerð og önnur sambærileg vinna er varðar byggingar og aðrar fasteignir á erlendri grund.
5. Vistir, eldsneyti, tæki og annar búnaður sem afhentur er til nota um borð í millilandaförum og þjónusta sem veitt er slíkum förum. Þessi undanþága á hvorki við um fiskiskip, t.d. þegar þau sigla með eigin afla, né skemmtibáta og einkaloftför, heldur aðeins för sem notuð eru í eiginlegri flutningastarfsemi.
6. Sala og útleiga loftfara og skipa. Undanþágan nær þó ekki til skipa sem eru undir 6 metrum að lengd, skemmtibáta og einkaloftfara.

7. Skipasmíði og viðgerðar- og viðhaldsvinna við skip og loftför og fastan útbúnað þeirra, svo og efni og vörur sem það fyrirtæki, sem annast viðgerðina, notar og lætur af hendi við þá vinnu. Undanþágan nær þó ekki til skipa sem eru undir 6 metrum að lengd, skemmtibáta og einkalofftara.
8. Samningsbundnar greiðslur úr ríkissjóði vegna mjólkurframleiðslu og sauðfjárframleiðslu.
9. Þjónusta sem veitt er erlendum fiskiskipum vegna löndunar eða sölu afla hér á landi.
10. Þjónusta sem felst í endurgreiðslu á virðisaukaskatti til aðila búsettra erlendis.
11. Sala á þjónustu til aðila sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi enda sé þjónustan nýtt að öllu leyti erlendis. Skattskyld þjónusta, sem veitt er í tengslum við menningarstarfsemi, listastarfsemi, íþróttastarfsemi, kennslustarfsemi og aðra hliðstæða starfsemi sem fram fer hér á landi og er undanþegin skattskyldu skv. 3. mgr. 2. gr. laganna, telst ávallt nýtt hér. Jafnframt er sala á þjónustu til aðila sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi undanþegin skattskyldri veltu þó að þjónustan sé ekki nýtt að öllu leyti erlendis ef kaupandi gæti, væri starfsemi hans skráningarskyld hér á landi, talið virðisaukaskatt vegna kaupa þjónustunnar til innskatts, sbr. 15. og 16. gr. vskl. Eftirtalin þjónusta fellur hér undir:
 - Framsal á höfundarrétti, rétti til einkaleyfis, vörumerkis og hönnunar, svo og framsal annarra sambærilegra réttinda.
 - Auglýsingaþjónusta.
 - Ráðgjafarþjónusta, verkfræðiþjónusta, lögfræðiþjónusta, þjónusta endurskoðenda og önnur sambærileg sérfræðiþjónusta sem og gagnavinnsla og upplýsingamiðlun, þó ekki vinna við eða þjónusta sem varðar lausafjármuni eða fasteignir hér á landi.
 - Rafrænt afhent þjónusta; þjónusta þessi telst ávallt nýtt þar sem kaupandi þjónustunnar hefur búsetu eða starfsstöð; sama gildir um sölu gagnavera á hvers kyns blandaðri þjónustu til kaupenda sem búsettir eru erlendis og hafa ekki fasta starfsstöð hér á landi.
 - Kvaðir og skyldur varðandi atvinnu- eða framleiðlustarfsemi eða

agnýtingu réttinda sem kveðið er á um í 10. tölulið 1. mgr. 12. gr. vskl.

- Atvinnumiðlun.
- Leiga lausafjármuna, þó ekki neins konar flutningatækja.
- Þjónusta milligöngumanna sem fram koma í nafni annars og fyrir reikning annars að því er varðar sölu eða afhendingu þjónustu sem um ræðir í þessum tölulið.
- Fjarskiptaþjónusta.

Uppgjörstímabil og gjalddagar

Almennt uppgjörstímabil virðisaukaskatts er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Gjalddagi virðisaukaskatts er einum mánuði og fimm dögum eftir lok uppgjörstímabils. Til dæmis er gjalddagi vegna janúar og febrúar 5. febrúar. Sé gjalddagi á helgidegi eða almennum frídeggi færast hann á næsta virka dag þar á eftir.

Sé virðisaukaskattur ekki greiddur á gjalddaga þá reiknast 1% álag á hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga en þó ekki hærra en 10% álag. Að auki reiknast dráttarvextir á vangreiddan skatt.

Ef samanlagður innskattur er hærri en samanlagður útskattur á einhverju tímabili þá endurgreiðir ríkissjóður mismuninn innan fimmtán daga frá lokum skilafrests uppgjörstímabils ef skattstjóri telur ekkert athugasvert við skýrsluna.

Þeir sem selja skattskyldar vörur og þjónustu fyrir minna en 3.000.000 kr. á heilu almanaksári geta skilað virðisaukaskatti í ársskilum og er þá gjalddagi 5. febrúar ár hvert.

Hægt er í sérstökum tilfellum að sækja um skemmra uppgjörstímabil, tímabundið uppgjörstímabil, skila skýrslum til bráðabirgða auk þess sem sérreglur gilda um landbúnað.

Skattstjóri áætla virðisaukaskatt á þá aðila sem senda ekki fullnægjandi skýrslu innan tilskilins tíma. Hafi skattaðili sætt áætlun virðisaukaskatts samfelt í tvö ár eða lengur er ríkisskattstjóra heimilt að fella hann af virðisaukaskattsskrá.

Berist virðisaukaskattsskýrsla eftir að skattaðili hefur sætt áætlun skal ríkisskattstjóri leggja á hann gjald að fjárhæð kr. 5.000 fyrir hverja virðisaukaskattsskýrslu sem ekki hefur verið skilað á réttum tíma.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts.

Erlend fyrirtæki geta fengið endurgreiddan þann virðisaukaskatt sem þau hafa greitt hér á landi vegna kaupa á vörum og þjónustu til atvinnustarfsemi sinnar. Helstu skilyrði fyrir endurgreiðslu eru að:

- a. virðisaukaskattur varði atvinnustarfsemi sem aðili rekur erlendis,
- b. að starfsemi hins erlenda fyrirtækis væri skráningarskyld samkvæmt lögum um virðisaukaskatt ef hún væri rekin hér á landi og

- c. að um sé að ræða virðisaukaskatt sem skráður aðili hér á landi gæti talið til innskatts eftir ákvæðum laga um virðisaukaskatt.

Aðilar búsettir erlendis geta fengið endurgreiddan hluta virðisaukaskatts af varningi sem þeir festa kaup á hér á landi ef þeir hafa hann með sér af landi brott innan þriggja mánaða frá því að kaup gerðust og framvísa honum ásamt tilskildum endurgreiðslugögnum hjá endurgreiðslufyrirtæki eða eftir atvikum töllyfirvöldum við brottför, enda nemi kaupverð vörunnar með virðisaukaskatti minnst 4.000 kr.

3. Ýmislegt

Stofnun félaga

Á Íslandi er mögulegt að stofna margskonar félög utan um rekstur fyrirtækja. Það er tiltölulega fljótlegt (tekur 2-4 daga), einfalt og ódýrt að stofna félag en verðlagning er mismunandi eftir félagaformum. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu félagaformum á Íslandi.

Hlutafélag

Lágmarkshlutafé er 4.000.000 kr. Hluthafar skulu vera a.m.k. tveir. Kostnaður við skráningu er 256.000 kr. Hluthafar bera ekki persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins.

Einkahlutafélag

Lágmarkshlutafé er 500.000 kr. Nægilegt er að hluthafi sé aðeins einn. Kostnaður við skráningu er 130.500 kr. Hluthafar bera ekki persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins.

Sameignarfélag

Ekkert lágmarks stofnfé. Minnst tveir skulu vera félagsmenn. Kostnaður við skráningu er 89.000 kr. Stimpilgjald er 2% af framlögðu stofnfé, aldrei lægra en 100 kr. Allir félagsmenn bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins (ábyrgð in solidum).

Samlagsfélag

Ekkert lágmarks stofnfé. Minnst tveir skulu vera félagsmenn. Kostnaður við skráningu er 89.000 kr. Stimpilgjald er 2% af framlögðu stofnfé, aldrei lægra en 100 kr. Að minnsta kosti einn félagsmaður ber beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins en ábyrgð annarra takmarkast við ákveðið framlag.

Erlend mynt

Uppgjör í erlendri mynt

Félögum er heimilt, að vissum skilyrðum uppfylltum, að færa bókhald og semja ársreikning í

erlendum gjaldmiðli. Sækja verður um það til ársreikningaskrár í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir upphaf reikningsárs. Heimildin er bundin í 5 ár og hefur ársreikningaskrá eftirlit með því að félög, sem hljóta heimild, uppfylli áfram skilyrðin sem eru eftirfarandi (eitt eða fleiri skilyrði verða að vera uppfyllt):

- Félag hefur meginstarfsemi erlendis eða er hluti erlendar félagasamstæðu.
- Félag á erlend dótturfélög eða hlutdeild í erlendum félögum og meginviðskipti félagsins eru við þessi félög.
- Meginstarfsemi er hér á landi en verulegur hluti viðskipta í erlendum gjaldmiðli.
- Verulegur hluti fjárfestinga og skulda þeim tengdum er í erlendum gjaldmiðli.
- Starfrækslugjaldmiðill sé skráður hjá Seðlabanka Íslands eða viðskiptabanka félagsins.

Telji félag sig ekki lengur uppfylla skilyrði ber því að tilkynna það ársreikningaskrá. Ársreikningaskrá getur þó veitt frest í tvö reikningsár telji hún ástandið tímabundið. Þegar félög gera upp í erlendri mynt, samkvæmt þessari heimild, má skattframtal í íslenskum krónum annaðhvort byggja á bókhaldi í erlendri mynt eða á bókhaldi í íslenskum krónum, ef bókhaldið er jafnframt fært í íslenskum krónum. Viðhalda verður sömu aðferð í a.m.k. 5 ár. Við umreikning yfir í íslenskar krónur skal umreikna tekjur og gjöld, þ.m.t. fyrningar, miðað við meðalgengi reikningsársins. Eignir, skuldir og eigið fé skal umreiknað á gengi í lok reikningsársins. Gengismunur sem kann að myndast við umreikning skal ekki hafa áhrif á tekjur í rekstrarreikningi.

Gengishagnaður og gengistap hjá þeim sem stunda atvinnurekstur

Gengishagnaður og -tap reiknast af hvers konar eignum og skuldum í árslok. Gengishagnaður telst til skattskyldra tekna en gengistap er frádráttarbær rekstrarkostnaður á því ári sem það myndast.

Þeir sem stunda atvinnurekstur eru skyldugir að dreifa gengishagnaði og -tapi til skattlagningar á

Þrjú ár frá og með því ári er umræddar tekjur og gjöld myndast. Þessi meðferð er skilyrðislaus. Tap þarf því ekki að hafa verið jafnað. Hafi fyrirtæki 1.5 millj. kr. í gengishagnað umfram gengistap árið 2010 teljast 500 millj. því til tekna árið 2010, 500 millj. til tekna árið 2011 og 500 millj. árið 2012. Athuga ber að skylt er að nota þessa aðferð.

Reglur um gjaldeyrismál

Seðlabanki Íslands hefur sett reglur til þess að takmarka eða stöðva tímabundið tiltekna flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipta sem þeim tengjast til og frá Íslandi sem valda að mati Seðlabankans alvarlegum og verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum. Með fjármagnshreyfingum er átt við yfirfærslu eða flutning á fjármunum milli innlendra og erlendra aðila.

Samkvæmt lögum um gjaldeyrismál þá eru fjármagnshreyfingar skilgreindar sem:

1. Viðskipti og útgáfa verðbréfa, hlutdeildarskírteina í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, peningamarkaðsskjala og annarra framseljanlegra fjármálagerninga.
2. Innlegg á og úttektir af reikningum í lánastofnunum.
3. Lánveitingar, lántökur og útgáfa ábyrgða sem ekki tengjast milliríkjaviðskiptum með vöru og þjónustu.
4. Inn- og útflutningur verðbréfa og innlends og erlends gjaldeyris.
5. Framvirk viðskipti, afleiðuviðskipti, viðskipti með valrétti, gjaldmiðla- og vaxtaskipti og önnur skyld gjaldeyrisviðskipti þar sem íslenska krónan er annar eða einn gjaldmiðlanna.
6. Gjafir og styrkir og aðrar hreyfingar fjármagns hliðstæðar þeim sem taldar eru upp í 1.–5. tölul.

Fjármagnshreyfingar á erlendum gjaldmiðli

Allar fjármagnshreyfingar milli landa í erlendum gjaldeyri eru óheimilar nema um sé að ræða greiðslu vegna kaupa á vöru og þjónustu eða annarra fjármagnshreyfinga sem sérstaklega eru undanþegnar í reglum um gjaldeyrismál.

Fjármagnshreyfingar á innlendum gjaldmiðli

Fjármagnshreyfingar á milli landa í innlendum gjaldmiðli eru einnig óheimilaðar. Þó eru nokkrar undanþágur við banni þessu :

Fjármagnshreyfingar sem sérstaklega eru undanþegnar þessum reglum:

- Fjármagnshreyfingar vegna vöru- og þjónustuviðskipta (nema viðskipti og útgáfa verðbréfa, hlutdeildarskírteina í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, peningamarkaðsskjala og annarra framseljanlegra fjármálagerninga), og greiðsla fer fram í reiðufé eða með úttektum af reikningi í eigu kaupanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi,
- Fjármagnshreyfingar vegna fasteignaviðskipta hér á landi og viðskipta með fjármálagerninga útgefna í innlendum gjaldeyri, þar sem greiðsla fer fram með úttektum af reikningi í eigu kaupanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi,
- Fjármagnshreyfingar vegna greiðslu á kröfum úr þrotabúi og greiðslu samningskrafna samkvæmt nauðasamningi sbr. lög nr. 21/1991.

Tímabundin endurgreiðsla vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

Á grundvelli laga nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, er unnt að fá endurgreitt 20% af framleiðslukostnaði vegna framleiðslu kvikmyndar eða sjónvarpsefnis á Íslandi. Jafnt innlendir sem erlendir aðilar geta sótt um endurgreiðslu. Hafi meira en 80% af framleiðslukostnaði fallið til héraðs er jafnframt endurgreiddur 20% af þeim framleiðslukostnaði sem fellur til á hinu evrópska efnahagssvæði. Framleiðslukostnaður telst allur sá kostnaður sem heimilt er að draga frá tekjum af atvinnurekstri samkvæmt íslenskum skattalögum og fellur til hér á landi og eftir atvikum í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Laun og verktakagreiðslur teljast eingöngu til framleiðslukostnaðar séu þau sannanlega skattlögð hér á landi.

Sækja skal um endurgreiðslu til Iðnaðarráðuneytis áður en framleiðslu kvikmyndar eða sjónvarpsefnis hefst hér á landi.

Við mat á því hvort endurgreiða skuli hlutfall af framleiðslukostnaði kvikmyndar eða sjónvarpsefnis skal eftirfarandi skilyrðum vera fullnægt:

- a) að viðkomandi framleiðsla sé til þess fallin að koma íslenskri menningu á framfæri og kynna sögu lands og náttúru,
- b) að viðkomandi framleiðsla sé til þess fallin að stuðla að aukinni reynslu, þekkingu og listrænum metnaði þeirra sem að framleiðslunni standa,

- c) að stofnað sé sérstakt félag um framleiðsluna á Íslandi; íslenskt útibú eða umboðsskrifstofa félags sem skráð er í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið telst sérstakt félag,
- d) upplýsingar um helstu aðstandendur kvikmyndar eða sjónvarpsefnis liggi fyrir,
- e) upplýsingar um innlenda aðila og hlutdeild þeirra við framleiðslu kvikmyndar eða sjónvarpsefnis liggi fyrir,
- f) að fyrir liggi sundurliðuð áætlun um framleiðslukostnað og fjármögnun auk staðfestingar fjármögnunaraðila ásamt greinargerð umsækjanda um að framleiðslan falli að markmiðum laganna,
- g) að fyrir liggi upplýsingar um efni fyrirhugaðrar framleiðslu kvikmyndar eða sjónvarpsefnis, þ. á m. handrit, stuttur efnisútdráttur og upplýsingar um tökustaði,
- h) að framleiðsluáætlun liggi fyrir (þ.e. töku-, eftirvinnslu- og markaðsáætlun) sem geri ráð fyrir að framleiðslu sé lokið innan þriggja ára frá því að endurgreiðslubeiðni er móttækin,
- i) að fyrir liggi að hið framleidda efni sé ætlað til almennrar dreifingar í kvikmyndahús eða til sjónvarpsstöðva,
- j) að efni kvikmyndar eða sjónvarpsefnis stríði ekki gegn ákvæðum almennra hegningarlaga um klám.

Réttur til tímabundinnar endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar á Íslandi fellur úr gildi 31.12.2011 en endurgreiðslubeiðnir sem samþykktar hafa verið fyrir þau tímamörk halda þó gildi sínu.

4. Útlendingar

Vegabréfsáritun

Vegabréfsáritun er gefin út fyrir ferðamenn, fjölskylduheimsóknir, opinber erindi, viðskiptaheimsóknir og námsferðir og er hámarkstími áritunar 3 mánuðir. Vegabréfsáritun veitir ekki rétt til að vinna í landinu.

Ríkisborgarar EFTA og ESB þurfa ekki á vegabréfaáritun að halda þegar ferðast er til Íslands. Að auki er búið að gera tvíhliða samninga við um 100 ríki sem kveða á um að vegabréfaáritun þurfi ekki að liggja fyrir. Meðal ríkja sem gert hafa samning um ferðir án vegabréfaáritunar til Íslands eru Bandaríkin, Ástralía, Brasilía, Kanada og Nýja-Sjáland. Nákvæmur listi yfir þau ríki sem gert hafa samning við Ísland um ferðir til Íslands án vegabréfaáritunar er hægt að nálgast á heimasíðu Útlendingastofnunar www.utl.is.

Sótt er um vegabréfaáritun í sendiráð sem veita áritun fyrir Íslands hönd (í flestum tilfellum sendiráð Danmerkur) en hægt er að fá nánari lista um sendiráð á heimasíðu Útlendingastofnunar, www.utl.is ásamt upplýsingum um gögn er þurfa að fylgja umsókn um vegabréfaáritun.

Búseta og atvinna útlendinga á Íslandi

Ríkisborgarar Norðurlanda

Norrænir ríkisborgarar þurfa hvorki að hafa atvinnu- né dvalarleyfi til þess að geta búið og starfað á Norðurlöndunum.

Ríkisborgarar EES

Ríkisborgurum EES er heimilt að dvelja og starfa hér á landi án sérstaks leyfis í allt að þrjú mánuði frá komu til landsins eða allt að sex mánuði ef hann er í atvinnuleit. Dveljist hann lengur í landinu þá skal hann skrá rétt sinn til dvalar hjá þjóðskrá og er veitt dvalarleyfi ef hann uppfyllir öll skilyrði.

Ríkisborgarar utan EES

Ríkisborgurum landa utan EES er ætla að dveljast á Íslandi lengur en í þrjú mánuði eða vinna hér á landi þurfa að sækja um dvalar- og atvinnuleyfi.

Umsókn um fyrsta leyfi skal vera samþykkt áður en útlendingurinn kemur til landsins og er áætlaður meðalafgreiðslutími um 90 dagar. Vel útbúin umsókn getur í sumum tilfellum stýtt umsóknartímann. Almenna reglan er sú að leyfi er veitt til eins árs og sækja þarf um framlengingu þrem mánuðum áður en leyfi rennur út.

Dvalar- og atvinnuleyfum er skipt í eftirfarandi flokka:

- Dvalarleyfi eingöngu
- Dvalar- og atvinnuleyfi vegna tímabundins skorts á vinnuafli
- Dvalar- og atvinnuleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðipækkingar
- Dvalar- og atvinnuleyfi fyrir íþróttafólk
- Au-pair dvalarleyfi
- Námsmannaleyfi
- Aðstandendur EES ríkisborgara
- Dvalarleyfi vegna fjölskyldusameiningar
- Búsetuleyfi.

Mismunandi skilyrði eru fyrir veitingu hvers leyfis fyrir sig og er mikilvægt að umsókn sé vel útfyllt og öll fylgigögn fylgi með. Gerð er sú krafa að öllum vottorðum sem eru á öðrum tungumálum en ensku eða Norðurlandamáli fylgi þýðing sem unnin er af löggiltum skjalaþýðanda. Nauðsynlegt er að umsókn ásamt öllum fylgigögnum sé skilað í frumriti. Sakavottorð, hjúskaparvottorð, fæðingarvottorð og önnur þau vottorð sem umsækjandi leggur fram með umsókn sinni skulu hafa apostille vottun frá heimaríki umsækjanda eða tvöfalda staðfestingu frá utanríkisráðuneyti í heimaríki.

Starfsmannaleigur

Starfsmannaleiga er þjónustufyrirtæki er leigir út starfsmenn til notendafyrirtækja gegn gjaldi. Starfsmennirnir eru undir verkstjórn notandans. Starfsmannaleigum er óheimilt að láta starfsmenn sína greiða gjald fyrir það að fá vinnu.

Aðeins starfsmannaleigur með staðfestu á Íslandi, öðru EES-landi eða Sviss mega starfa hér á landi og þurfa erlendar starfsmannaleigur að sýna fram á að þær séu löglega skráðar og með starfsleyfi í

heimalandinu. Öllum starfsmannaleigum er skylt að skrá fyrirtækið og alla starfsmenn sem vinna á þess vegum hér á landi hjá Vinnumálastofnun (www.vnst.is). Er erlendum starfsmannaleigum skylt að hafa fulltrúa hér á landi séu þær með starfsemi í meira en 10 daga á ári.

Starfsmenn á vegum starfsmannaleiga eru skattskyldir af launatekjum sem þeir vinna sér inn hér á landi.

5. Ýmsar upplýsingar

Niðurfærsla á verði bifreiða

Bifreiðar einstaklinga sem ekki eru notaðar í atvinnurekstri er heimilt að færa árlega niður í mati um 10% af skráðu verði á skattframtali fyrra árs. Niðurfærsla heimilast ekki á kaupári.

Opinbert viðmiðunargengi

	Kaup 31.12.10	Sala 31.12.10	Kaup 31.12.09	Sala 31.12.09	Breytingar m.v. miðgengi
USD	114,78	115,32	124,6	125,2	-9,85 (-8%)
GBP	178,04	178,9	201,11	202,09	-23,13 (-11%)
CAD	114,92	115,6	118,69	119,69	-3,78 (-3%)
DKK	20,575	20,695	24,101	24,243	-3,537 (-15%)
NOK	19,616	19,732	21,608	21,736	-1,998 (-9%)
SEK	17,105	17,205	17,464	17,566	-0,36 (-2%)
CHF	122,57	123,25	120,92	121,6	1,65 (1%)
JPY	1,4102	1,4184	1,3477	1,3555	0,0627 (5%)
SDR	177,38	178,44	195,18	196,18	-17,85 (-9%)
EUR	153,37	154,23	179,38	180,38	-26,08 (-14%)

Gjaldfærsla

Gjaldfærsla einstakra rekstrarfjármuna árið 2010 er að hámarki 250.000 kr.

Niðurfærsla á viðskiptakröfum og lánveitingum í lok reikningsárs er allt að 5%.

Niðurfærsla vörubirgða í lok reikningsárs er allt að 5% af matsverði.

Á skattframtali 2010 er heimilt að draga frá skattskyldum hagnaði rekstrartap síðustu 10 ára.

Stimpilgjald

Af heimildabréfum fyrir fasteignum greiðist stimpilgjald sem nemur 0,4% af fasteignamatsverði. Af skuldabréfum og tryggingabréfum, þegar skuldin ber vexti og er tryggð með veði eða ábyrgð, skal greiða 1,5%. Fyrir stimplun annarra skuldabréfa og tryggingabréfa skal greiða 0,5%. Vegna útgáfu hlutabréfa í félögum með takmarkaða ábyrgð skal greiða 0,5% af fjárhæð (nafnverði) bréfanna. Framsal hlutabréfa og jöfnunarhlutabréfa er stimpilfrjálst. Ekki ber að

greiða stimpilgjald af hlutabréfum, sem eru gefin út í stað eldri hlutabréfa, sem sannanlega hafa verið stimpluð, eða jöfnunarhlutabréfa, enda séu hin nýju bréf stimpluð gjaldfrjálsri stimplun innan tveggja mánaða frá útgáfu þeirra. Af hlutum eða hlutdeildarskirteinum í einkahlutafélögum greiðist ekki stimpilgjald.

Fyrir þinglýsingu skal greiða 2.000 kr.

Skuldabréf og tryggingarbréf sem gefin eru út til fjármögnunar fyrstu kaupa á íbúðarhúsnæði einstaklings eru stimpilfrjáls að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Þinggjöld 2011

Álögð þinggjöld á tekjur ársins 2010 sem ekki hafa verið innheimt í staðgreiðslu skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 2011. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema í janúar og í þeim mánuði er álagningu lýkur. Þar til álagning liggur fyrir skal greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan skal á hverjum gjalddaga nema 8,5% af þinggjöldum ársins 2008. Þó er miðað við að ekki sé innheimt lægri fjárhæð en 2.000 kr. á hverjum

gjaldþaga, þannig að gjaldþagarnir geta verið færri en að framan greinir. Heimilt er að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem gjaldendum er gert að greiða fram að álagningu enda hafi þeir

skattstofnar sem um ræðir lækkað verulega á milli ára. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra í viðkomandi umdæmi.

Yfirlit um útsvar

Sveitarfélag	2010	2011
Reykjavík	13,03%	14,40%
Kópavogur	13,28%	14,48%
Seltjarnarnes	12,10%	14,18%
Garðabær	12,46%	13,66%
Hafnarfjörður	13,28%	14,48%
Sveitarfélagið Álftanes*	14,61%	14,48%
Mosfellsbær	13,19%	14,48%
Kjósarhreppur	12,53%	13,73%
Reykjanesbær	13,28%	14,48%
Grindavík	13,28%	14,48%
Akranes	13,28%	14,48%
Borgarbyggð	13,28%	14,48%
Stykkishólmur	13,28%	14,48%
Snæfellsbær	13,28%	14,48%
Vesturbyggð	13,28%	14,48%
Ísafjarðarbær	13,28%	14,48%
Skagafjörður	13,28%	14,48%
Blönduósbær	13,28%	14,48%
Akureyri	13,28%	14,48%
Norðurþing	13,28%	14,48%
Fjallabyggð	13,28%	14,48%
Dalvíkurbyggð	13,28%	14,48%
Fjarðabyggð	13,28%	14,48%
Fljótsdalshérað	13,28%	14,48%
Vestmannaeyjabær	13,28%	14,48%
Sveitarfélagið Árborg	13,28%	14,48%
Hveragerðisbær	13,28%	14,48%
Sveitarfélagið Ölfus	13,28%	14,48%

*Sveitarfélagið Álftanes verður með 5 álag á útsvar og er því útsvarið 15,14%.

Skattyfirvöld

Ríkisskattstjóri	Sími/Fax	Gata	Staður	Netfang/vefsíða
Skattstofan Reykjavík	S: 560 3600 F: 552 9576	Tryggvagötu 19	150 Reykjavík	reykjavik@rsk.is www.rsk.is
Skattstofan Hellu	S: 488 5500 F: 487 5844	Vegskálum 1	850 Hellu	hella@rsk.is www.rsk.is
Skattstofan Vestmannaeyjum	S: 481 1460 F: 481 3025	Heiðarvegi 15	900 Vestmannaeyjar	vestmannaeyjar@rsk.is www.rsk.is
Skattstofan Egilsstöðum	S: 470 1300 F: 471 1395	Selási 8	700 Egilsstaðir	egilsstaðir@rsk.is www.rsk.is
Skattstofan Akureyri	S: 460 0900 F: 460 0901	Hafnarstræti 95	600 Akureyri	Akureyri@rsk.is www.rsk.is
Skattstofan Siglufirði	S: 467 1576 F: 467 1857	Túngötu 3	580 Siglufjörður	siglufjordur@rsk.is www.rsk.is
Skattstofan Ísafirði	S: 450 3500 F: 450 3501	Hafnarstræti 1-3	400 Ísafjörður	isafjordur@rsk.is www.rsk.is
Skattstofan Akranesi	S: 430 2900 F: 430 2929	Stillholt 16-18	300 Akranes	akranes@rsk.is www.rsk.is
Skattstofan Hafnarfirði	S: 515 2900 F: 565 2699	Suðurgötu 14	220 Hafnarfjörður	hafnarfjordur@rsk.is www.rsk.is
Tollstjóri	S: 560 0300 F: 562 5826	Tryggvagötu 19	101 Reykjavík	tollstjóri@tollur.is www.tollur.is
Ríkisskattstjóri	S: 563 1100 F: 562 4440	Laugavegi 166	150 Reykjavík	rsk@rsk.is www.rsk.is
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	S: 550 8800 F: 550 8850	Borgartúni 7	150 Reykjavík	www.skattrannsóknarstjori.is
Yfirskattanefnd	S: 575 8700 F: 575 8729	Borgartúni 21	105 Reykjavík	www.yskn.is

*Frá 1. janúar 2010 er landið eitt skattumdæmi undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra

Helstu kennitölur ársreiknings

Veltufjárhlutfall: Veltufjármunir / Skammtímaskuldir

Sýnir greiðsluhæfi fyrirtækis.

Lausafjárhlutfall: (Veltufjármunir – Birgðir) / Skammtímaskuldir

Sýnir greiðsluhæfi fyrirtækis með kvikum veltufjármunum.

Eiginfjárhlutfall: Eigið fé / Heildareignir

Mælistika á fjárhagslegan styrk fyrirtækis.

Arðsemi eiginfjár: Hagnaður ársins / Meðalstaða eigin fjár

Gefur til kynna hvað félag hefur hagnast mikið á rekstri miðað við bókfært eigið fé.

Kennitala tengd sjóðstreymi:

Handbært fé frá reglulegri starfsemi / Meðalstaða heildarskulda

Hlutfall þetta þykir gagnlegt til að sjá fyrir um greiðsluerfiðleika eða gjaldþrot félags.

Helstu kennitölur á verðbréfamarkaði

A / V hlutfall: Arður / Markaðsverð félags

Sýnir þann fjárhagslega ábata sem hluthafar njóta við það að eiga hlutabréfin.

Hátt A/V hlutfall getur bæði gefið til kynna að arðgreiðslur séu háar og að markaðsverð sé lágt.

Innra virði: Eigið fé / Hlutfé

Innra virði gefur til kynna hvað býr að baki hverri krónu í hlutfé félags í bókfærðu eigin fé.

V / I hlutfall (Q - hlutfall): Markaðsverð félags / Eigið fé

Ef V/I hlutfallið er lægra en einn er markaðsverð fyrirtækisins lægra en eigið fé þess. Ef V/I hlutfall er hærra en einn er markaðsverð fyrirtækisins hærra en sem nemur eigin fé þess.

V / H hlutfall: Markaðsverð félags / Hagnaður ársins

Sýnir hversu mörg ár hagnaður félags væri að skila aftur ígildi markaðsverðsins m.v. hagnað síðasta rekstrarárs.

EBITDA: Hagnaður fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir

Sýnir fjármunamyndun rekstrarins og gefur til kynna hvaða fjármuni fyrirtæki hefur til þess að mæta öllum kröfum kröfuhafa (lánadrottna og eigenda).

Seljanleiki: Velta hlutabréfa / Markaðsverð

Helsti mælikvarði á seljanleika hlutabréfa er velta þeirra á hlutabréfamarkaði sem hlutfall af markaðsverði viðkomandi fyrirtækis. Í þessu sambandi er einnig hægt að skoða fjölda viðskipta með bréfin.

Hagnaður á hlut (EPS): Hagnaður eftir skatta / Fjöldi hluta að meðaltali

Hagnaður á hvern hlut af hlutfé félags.